

**Nd.**

**897. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 23, 9. des. 1889, um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættismanna.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir haft frumvarp þetta til meðferðar, en hefir ekki getað orðið á eitt sátt um það.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið nái ekki fram að ganga, en minni hlutinn, Magnús Guðmundsson, vill að það verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Á þinginu 1915 var, svo sem kunnugt er, samþykkt að skipa millipinganefnd til þess að athuga og undirbúa breytingar á launakjörum embættismanna landsins.

Nefnd þessi hefir nú skilað álitinu sínu, og hefði mál þetta að sjálfsögðu verið tekið til meðferðar á þessu þingi, ef tímar þeir, er nú standa yfir, hefðu ekki þótt alls kostar óhentugir til að gera út um það.

En eins og komið er mun það trauðla dragast lengi úr þessu, að launamálinu verði ráðið til lykta í heild.

Meiri hluti nefndarinnar getur því ekki fallist á, að það sje nein sjerstök ástæða til að taka nú þennan lið út úr launakerfinu og breyta honum.

Þvert á móti dylst meiri hluta nefndarinnar það ekki, að ef gengið hefði nú verið inn á þá braut að breyta launakjörum einstakra flokka innan þessarar stjettar, þá hefði að minsta kosti ekki siður verið ástæða til að hækkuð hefðu verið laun sumra annara af starfsmönnum landsins en einmitt þeirra, er hjer um ræðir.

Af þessum ástæðum ræður meiri hluti nefndarinnar hv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 10. sept. 1917.

Pjetur Ottesen, Einar Jónsson, Einar Árnason.  
framsögum.

Jeg er samþykkur niðurstöðu meiri hlutans um frumvarp þetta. Það skal játað, að laun dómara í landsyfirdómi eru mikils til of lág. En alveg sama máli er að gegna um mikinn fjölda starfsmanna landssjóðs. Háskólaráðið hefir nýlega sent fjárveitinganefndum beggja deilda áskorun um, að laun háskólakennara verði hækkuð að miklum mun. Erindi þetta hefir enga áheyrn fengið. Er þó alveg eins mikil ástæða til að hækka laun háskólakennara sem yfirdómara. Sama er að segja um t. d. skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, sýslumenn yfirleitt o. fl. Ef yfirdómarar einir yrðu teknir út úr, má búast við því, að það yrði helst til þess að seinka umbótum til handa öðrum embættismönnum landssjóðs. En jeg tel þjóðarsóma og þjóðarheill við liggja, að embættislaunum verði, sem allra fyrst að má, skipað i sæmilegt horf, enda ætti stjórninni að vera hægt að undirbúa það mál, þar sem fyrir liggur frv. millipinganefndar um það. Að visu verða *tölur* frv. þess nær hvergi að mínu viti lagðar til grundvallar, en eigi mun mjög örðugt verk að breyta þeim, svo að frv. það mætti boðlegt verða.

Með þessum formála legg jeg til, að frv. verði afgreitt úr deildinni með svo feldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Deildin vœntir þess, að landsstjórnin endurskoði sem fyrst launalöggjöf starfsmanna landssjóðs og leggi fyrir Alþingi frumvarp um nauðsynlegar endurbætur á henni, og í trausti til þessa tekur deildin til meðferðar næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. sept. 1917.

Einar Arnórsson,  
formaður.